

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Efni: **Styrkur vegna vortónleika á afmælisári 2019**

Kvennakórinn Ljósbrá heldur upp á 30 ára starfsafmæli sitt um þessar mundir og undirbýr nú afmælistónleika þar sem teknir verða gamlir slagarar og saga kórsins reifuð. Stefnt er að því að halda tvenna tónleika. Fyrri tónleikarnir verða í Hvoli þann 1. maí og seinni tónleikarnir á höfuðborgarsvæðinu þann 2. maí. Einnig er sungið fyrir dvalargesti á Lundi og Kirkjuhvoli.

Í tilefni þessa tímamóta er óskað eftir styrk frá Rangárþingi ytra svo hægt sé að standa straum af þeim kostnaði sem óhjákvæmilega fylgir þessum viðburðum. Kvennakórinn Ljósbrá hefur án nokkurs vafa eftt menningarstarf í Rangárþingi síðastliðin 30 ár og hlökkum við til að fagna þessum tímamótum með íbúum í Rangárþingi og víðar. Við óskum eftir styrk að upphæð 25.000 krónur og yrði þá logo sveitarfélagsins sett í söngskrá.

Með fyrirfram þökk fyrir veitta aðstoð

Fh stjórnar
Hrafnhildur Valgarðsdóttir
Ritari Kvennakórsins Ljósbrár